

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Sveitarfélaginu Árborg.

Austurvegur 33-35, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 1. nóvember 2023, í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga, tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðina Austurvegur 33-35 á Selfossi. Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036, en þar er svæðið skilgreint sem miðsvæði. Breytingin felur í sér að heimilt verður að reisa allt að 4 hæða hús undir hótelfarfélagi. Þá er nýtingarhlutfalli breytt, fer úr 2,0 í 3,0, sem mun fela í sér að heimilt verður að byggja allt að 5.400 m², í stað um 2.700 m² áður. Þá er gert ráð fyrir að hámarkshæð byggingar hækki úr 10,5 m í 13,5 m.

Austurvegur 65, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 1. nóvember 2023, í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga, tillögu að breytingu deiliskipulags fyrir Austurveg 65 á Selfossi. Breytingin felst í að byggingarreitur er stækkaður til suðurs. Með breytingunni er verið að stækka byggingarreit vegna fyrirhugaðra stækkunar á framleiðslurýmum. Breytingin er í samræmi við gildandi aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036.

Ofangreindar skipulagstillögur hafa hlotið meðferð samkvæmt 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 15. janúar 2024.

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 15. janúar 2024